

Reykjavík 13.12.2021

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis.

Listaháskóli Íslands vill mæla eindregið með að Manfreði Vilhjálmssyni verði sýndur sá heiður að hljóta heiðurslaun listamanna við úthlutun þeirra árið 2022. Það væri afar viðeigandi að þessi helsti arkitekt þjóðarinnar yrði fyrir því vali fyrir mikilvægt og afar viðamikil framlag til arkitektúrs á Íslandi sem spannar yfir 60 ára afar farsælan feril.

Manfred hefur hannað mikinn fjölda verka og má þá ekki síst nefna Þjóðarbókhliðuna, Árbæjarkirkju, Fuglasafnið á Mývatni og Stórutjarnarskóla ásamt fjölda íbúðarhúsa.

Handbragð Manfreðs er sérstaklega vandað og sýnir djúpan skilning á hinu mannlega og manngerðu umhverfi yfir höfuð, byggingararfurinn hefur í hans verkum verið settur í samhengi við nýsköpun í hönnun og hann býr yfir afburða tækniþekkingu sem skín í gegnum öll hans verk. Hann er mikilvæg fyrirmynd yngri kynslóða arkitekta og mikið til hans lítið.

Framlag hans til byggingarlistar er ómetanlegt, hefur ávallt haft yfir sér ferskan blæ afburðahönnunar og er hann að mati LHÍ afar vel að þessum heiðri kominn.

Virðingarfyllst,



Hildigunnur Sverrisdóttir
Deildarforseti í arkitektúr við Listaháskóla Íslands